

1. fundur Framkvæmdanefndar um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla, haldinn á Norðurhelli 2, þann 9. júní 2020 -kl. 15:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Matthías Páll Imsland, formaður

Helga Ingólfssdóttir

Stefán Már Gunnlaugsson

Atli Már Ingólfsson

Halldóra Einarsdóttir

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Geir Bjarnason

Íþrótt- og tómstundarfulltrúi

Rósa Steingrímsdóttir

Sviðsstjóri fjármálasviðs

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Yfirferð á erindisbréfi

Matthías Páll Imsland fór yfir erindisbréf framkvæmdanefndarinnar um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla og rætt var um verkefnið.

Lagt fram yfirlit yfir lausar hesthúsaloðir við Fluguskeið og Kaplaskeið, lágmarksgatnagerðargjald fyrir lóðirnar er rúmar 186 milljónir króna miðað við bvst í júní 2020.

Farið var yfir skiptingu á kostnaði milli Hafnarfjarðarbæjar og Sörla. Íþróttafulltrúa falið að leggja fram fyrir næsta fund starfshópsins hvernig staðið hefur verið að byggingu íþróttamannvirkja síðustu ár, einnig að lagður verði fram samningur bæjarins við ÍBH vegna uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Þá var óskað eftir því við Sörla að lagt verði fram minnisblað fyrir næsta fund, þar sem gerð verði greining á væntum tekjum Sörla þegar ný Reiðhöll verður komin í notkun. Einnig var óskað eftir upplýsingum um félagsgjöld og tekjur af lyklaleigu vegna reiðhalla hjá Sörla og sambærilegum félögum.

Næstu fundir

Næstu fundir verða 23. júní, 30. júní og 7. júlí, kl. 15:00 á Norðurhelli 2.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:15